

Selskógur, útivistasvæði

Deiliskipulag

10. janúar 2023

Breytt 18. september 2023



Efnisyfirlit

Samþykktir	4
Inngangur	5
Aðdragandi	5
Breytingar á skipulagsverkefni 2020	6
Skipulagssvæðið	7
Gögn deiliskipulags	7
Fyrirliggjandi áætlanir	7
Landsskipulagsstefna	7
Aðalskipulag	8
Náttúruminjaskrá og tillaga að friðlýsingu	8
Deiliskipulag	8
Forsendur	9
Náttúrufar	9
Aðgengi	9
Aðstaða og afþreying	10
Minjar	11
Skipulagsskilmálar	12
Áherslur og viðfangsefni	12
Efnisval	12
Vernd og friðun	12
Gróður og umhirða	13
Aðkoma og bílastæði	14
Stígar og slóðar	14
Áningarstaðir	17
Afþreying	19
Byggingar og mannvirki	19
Skilti og merkingar	20

Sorphirða	21
Öryggi.....	21
Merkingar.....	21
Fallvarnir	22
Brunavarnir	22
Minjar	23
Veitur.....	23
Vatn	23
Rafmagn	23
Fráveita	23
Umhverfismatsskýrsla.....	24
Landslag og ásýnd.....	24
Gróðurfar og vistkerfi.....	24
Samfélag	24
Minjar	25
Skipulagsferli.....	25
Kynning og samráð.....	25
Breytingar eftir auglýsingu	25

Samþykktir

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____

og með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af heimastjórn Fljótshéraðs

þann _____

F.h. Múlapings

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

Inngangur

Teiknistofan AKS hefur, að beiðni Múlaþings (áður Fljótsdalshéraðs), unnið nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði á landi sveitarfélagsins í Selskógi. Í upphafi verkefnisins hafði Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, umsjón með verkinu fyrir hönd sveitarfélagsins en einnig kom Freyr Ævarsson, verkefnastjóri umhverfismála, að verkefninu. Starfsmenn Teiknistofunnar AKS sem komu að verkefninu voru Anna Katrín Svavarsdóttir skipulagsfræðingur SFFÍ og Sóley Valdimarsdóttir. Bylgja Lind Pétursdóttir vann tölvugerðar myndir í greinagerð.

Aðdragandi

Selskógur nefnist ysti hluti Egilsstaðaskógar og er um 80 ha að stærð, hæð yfir sjó er frá 40 til 80 metrar. Skógurinn er kenndur við Egilsstaðasel sem var staðsett við sunnanverða Selhæð. Árið 1992 keypti Egilsstaðabær Selskóg og hófst þá uppbygging skógarins sem í dag er orðinn að vinsælu útivistarsvæði í jaðri þéttbýlisins á Egilsstöðum.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Selskóg frá árinu 2006. Markmið þess skipulags var að tryggja að Selskógur yrði áfram staður til að njóta friðsældar og fagurrar náttúru rétt við bæjarmörkin, árið um kring. Enn fremur „að stuðla að verndun gróðurs, menningarminja og náttúruminja, samhliða nýtingu svæðisins til útivistar og náttúruupplifunar.“

Svæðið er notað af fjölbreyttum hópi fólks með misjafnar þarfir og óskir. Undanfarin misseri hafa komið fram ýmsar hugmyndir frá íbúum um aukna möguleika til útivistar í skóginum sem erfitt var að koma til móts við miðað við núgildandi skipulag. Sveitarfélagið lét því vinna stefnumótun varðandi framtíð svæðisins þar sem skoðaðar voru fjórar sviðsmyndir:

- a) Breyting á núverandi deiliskipulagi Selskógar í takt við breyttar áherslur.
- b) Nýtt deiliskipulag fyrir Selskóg.
- c) Nýtt, heildstætt deiliskipulag fyrir Selskóg og Miðhúsaskóg.
- d) Nýtt deiliskipulag, eingöngu fyrir Miðhúsaskóg.

Var það mat bæjarstjórnar að vinna skyldi nýtt deiliskipulag fyrir Selskóg með tengingu við Miðhúsaskóg í samræmi við sviðsmynd c. Ákvörðunin byggði að hluta til á kröfum íbúa og einstakra hópa um betri nýtingu á svæðinu með tilliti til útivistar og afþreyingar. Með stærra svæði væri hægt að koma til móts við fleiri og mögulega draga úr árekstrum milli hópa.

Stefnumótunarfundur um framtíð Selskógar var haldinn á opnum íbúafundi í desember 2018. Vinna á fundinum fór fram í anda *Air Opera* sem er skilvirk leið til að fá einstaklinga til að leggja

eigin hugmyndir inn í hópvinnu þar sem þær eru svo ræddar og komist að niðurstöðu varðandi þau atriði sem unnið er með. Niðurstaðan af hópfundinum var nokkuð samhljóma varðandi hlutverk og nýtingu skógarins. Helstu áherslur íbúa sneru að hlutverki skógarins; að hann verði fyrst og fremst til útivistar og fjölskyldusamveru. Betri stígar með lýsingu og góðu aðgengi fyrir alla, allt árið. Mikilvægt þótti að huga að gróðri; fjarlægja dauð tré og gróðursetja fjölbreyttari gróður sem einnig væri skjólmyndandi.

Mikill áhugi var meðal fundargesta á stækkun útivistarsvæðisins yfir Eyvindará í Miðhúsaskóg með göngubrú yfir í Taglarétt. Lögð var áhersla á friðsæld Miðhúsaskógar og ekki yrði farið í umfangsmiklar framkvæmdir á því svæði.

Bæjarstjórn samþykkti á 287.fundi sínum þann 16.1.2019 að samantekt frá íbúafundinum yrði nýtt í fyrirhugaðri deiliskipulagsvinnu.

[Breytingar á skipulagsverkefni 2020](#)

Strax í upphafi skipulagsverkefnisins, haustið 2018, hófst vinna á vegum Fljótsdalshéraðs við skráningu landamerkja á landi sveitarfélagsins norðan og austan Eyvindarár í Miðhúsaskógi. Tók sú vinna lengri tíma en áætlað var og gerði það að verkum að ekki var unnt að setja niður deiliskipulagsmörk vegna Miðhúsaskógarhluta útivistarsvæðisins.


Í upphafi árs 2020 var verkinu enn ólokið og ákveðið var að breyta formerkjum verkefnisins á þann veg að nýtt deiliskipulag tæki eingöngu til Selskógar, en unnið út frá því markmiði að svæðið verði stækkað í framtíðinni yfir í Miðhúsaskóg.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 55 hektarar að stærð og afmarkast af Selbrekkuhverfi og Hringvegi um Fagradal til suðurs, Seyðisfjarðarvegi til vesturs, Eyvindará og Háslæk að norðan og austan.

Skipulagsmörk taka mið af gildandi aðalskipulagi auk gildandi deiliskipulags fyrir Selbrekku II, efra svæði frá árinu 2003 með breytingum frá 2005.

Þess ber að geta að skipulagsmörkin ná yfir Eyvindará á tveimur stöðum (sjá mynd 1).



Mynd 1: Mörk skipulagssvæðis (gul brotalína)

Gögn deiliskipulags

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.500 ásamt skýringaruppráttur í mkv. 1:400 sem sýnir aðkomu frá Seyðisfjarðarvegi dagsett 10. janúar 2023
- Greinagerð ásamt skipulagsskilmálum dagsett 10. janúar 2023


Fyrirliggjandi áætlanir

Landsskipulagsstefna

Deiliskipulagið er í samræmi við markmið í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Í landsskipulagsstefnu kemur fram, í kafla 3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma, að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að almenningsrymum og útivistarsvæðum með það að markmiðið að t.d. hvetja til útiveru, náttúruupplifunar og hreyfingar.

Aðalskipulag



Mynd 2: Hluti af þéttbýlisupprætti aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Selskógur er skilgreindur í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 sem opið svæði til sérstakra nota (O11). Stefna aðalskipulags er að þeir hlutar Selskógar, Miðhúsaskógar og Dalhúsaskógar ásamt Eyvindarárgili sem eru í eigu sveitarfélagsins verði friðlýstir sem fólkvangur enda ætlaðir til útivistar og almenningsnota¹. Jafnframt er lögð áhersla á í kafla 4.3 um náttúruskoðun og ferðamennsku að unnið verði heildarskipulag og framkvæmdaáætlun fyrir sérstök útivistarsvæði, þar með talinn Selskóg, með það fyrir augum að bæta aðgengi, skipulag og umhirðu².

Náttúruminjaskrá og tillaga að friðlýsingu

Eyvindarárgil, ásamt öllum austanverðum Eyvindarárdal, er nr. 611 á náttúruminjaskrá. Um er að ræða útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða; fagurt gljúfur, vatnsmikla bergvatnsá, skóglendi og jökulgarða³.

Selskógur er hluti af stærra skógarsvæði sem gengur allt undir nafninu Egilsstaðaskógar. Tillaga var gerð að friðlýsingu þess svæðis (24,7 km² að stærð) sem mikilvægs plöntusvæðis í náttúruverndaráætlun 2009-2013. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna⁴. Fyrirhugað skipulagssvæði í Selskógi er um 55 hektarar að stærð eða 2% af heildarstærð Egilsstaðaskógar.

Fyrirhugað uppbygging er í samræmi við aðalskipulag Fljótsdalshéraðs.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulagið *Selskógur Fljótsdalshéraðs* sem samþykkt var af sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 12.07.2006. Markmið þess skipulags var tvíþætt, annarsvegar að tryggja að Selskógur verði áfram staður þar sem almenningur á öllum aldri getur notið friðsældar og fagurrar náttúru rétt við bæjarmörkin, árið um kring. Síðan hinsvegar að stuðla að verndun gróðurs, menningarminja og náttúruminja, samhliða nýtingu svæðisins til útivistar

¹ Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, greinagerð, bls. 15

² Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, greinagerð, bls. 16

³ <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/austurland/>

⁴ <https://www.althingi.is/alttext/136/s/0239.html>

og náttúruupplifunar. Við gildistöku þessa skipulags veður deiliskipulagið *Selskógur Fljótsdalshéraðs* fellt úr gildi.

Forsendur

Náttúrufar

Selskógur er hluti af stærra skógarsvæði (Egilsstaðaskógur), hann er kenndur við gamalt sel frá Egilsstöðum sem staðsett var sunnan í Selhæð. Megin gerðir gróðurs á svæðinu eru gamall birkiskógur, mýrar, eyrar, gömul tún, kletta- og giljagróður. Sjálfsáð reynitré má finna víða í skóginum og nokkur há grenitré eru norðan við Vémörk. Blá-, kræki- og hrútaberjalyng er áberandi meðfram stígum auk blágresis. Einkennandi fyrir landslag á svæðinu eru skógi vaxnir ásar og hæðir, ásamt mýrarsundum. Eyvindará, sem er fersk bergvatnsá, setur einnig sterkar svip á umhverfið með sínum fögru gljúfrum. Eyvindarárgil er „ýmist með klettaveggjum eða gróðurríkum gilkinnum og hvömmum, býsna fjölbreytt að lögun og gerð. Víða eru berggangar, sem þverskera gilið og mynda bríkur og stapa. Gilið er víðast hvar vaxið birkiskógi eða kjarri, þar sem tré ná fótfestu, og reynitré eru algeng á börmum gilsins og í klettasyllum. Enn fremur er þar fjölbreyttur jurta- og blómgróður. Músarrindill er tíður í gili, og heldur þar til allt árið.“⁵

Aðgengi

Við aðal aðkomusvæði við Seyðisfjarðarveg er nú einfalt malarplan með bílastæði fyrir 15-20 bíla og við endann Selbrekku er malbikið bílastæði fyrir um 10 bíla. Tengingar við göngustígakerfi Egilsstaða er frá Árhvammi en einnig er um nokkra slóða að ræða sem tengja Selbrekkuhverfi við útivistarsvæðið.

Um 100 m langur kafli við upphaf aðal gönguleiðar um Selskóg hefur verið malbikaður en að öðru leiti er yfirborð aðalstígs gróf möl eða trjákur. Sama má segja um aðra stíga og leiðir innan svæðisins sem gerir ákveðnum hópum í samfélaginu erfitt að komast um og njóta útivistar í Selskógi.

Aðalstígur liggur á kafla mjög nálægt snar- bröttum veggjum Eyvindarárgils og er þar töluverð fallhætta. Veikburða timbur girðingu hefur verið komið fyrir á sumum þessara staða.



Mynd 3: Mörk malbiks og malarstígs við upphaf gönguleiðar

⁵ Náttúruminjaskrá Egilsstaða, drög 1997. Helgi Hallgrímsson.



Mynd 5: „Öryggisgirðingar“ við fallhættusvæði



Mynd 4: Dæmi um ólík yfirborðsefni á stígum í Selskógi

Aðstaða og afþreying

Utan og austan til í Selskógi á gömlu, framræstu túni er gamall samkomustaður sem nefnist Vémörk. Þar hafa verið haldnar fjölmennar íþrótt- og skemmtisamkomur í gegnum tíðina. Í dag má þar finna ýmis leiktæki fyrir börn og fullorðna. Lítið aðstöðuhús er í miðri mörkinni með fjórum vatnssalernum og aðgengi að vaski utan á byggingunni.



Mynd 6: Salernisbygging í Vémörk

Útileikhús með bekkjum og sölubásar eru staðsettir í rjóðri



Mynd 7: Skátalundur

nálægt Vémörk. Skátar á Egilsstöðum hafa haft umráð yfir litlum lundi og byggt þar eldstæði og kofa úr efniviði úr skóginum. Útsýnisstaðir eru tveir, annarsvegar uppi á Egilsstaðaöxl og hinsvegar á Selöxl.

Þegar aðstæður hafa leyft undanfarin ár hefur hópur áhugafólks séð um að troða spor fyrir gönguskíði í skóginum. Fjallahjólreiðar eru



dæmi um nýja tegund útivistar á svæðinu þar sem hjólað er eftir stígum og troðningum frekar en á malbiki. Frisbígolf er einnig ung íþrótt á svæðinu og hefur skógurinn verið nýttur til þeirrar iðkunar.

Notkun á svæðinu hefur verið að aukast síðustu ár og á það jafnt við um einstaklinga og hópa. Fjölbreyttari notkun svæðisins er í sumum tilvikum farin að valda árekstrum. Þegar erfitt er að ganga eftir göngustígum vegna fannfergis freistast göngufólk gjarnan til að ganga í gönguskíðasporinu og spillir því. Að sama skapi eiga hraðskreiðir fjallahjólagarpar það til að skjóta friðsælum göngugörpum skelk í bringu þegar þeir þeysast fram hjá.

Minjar

Sagnabrunnur gerði fornleifaskráningu innan deiliskipulagssvæðisins og fundust 118 fornleifar eða heimildir um þær á svæðinu. Þá fundust engar friðlýstar minjar. Þær fornleifar sem fundust voru 115 kolagrafir, gamla Eyvindarárbrúin og heimildir um fjárhús og hlöðu/samkomuhús⁶. Áður höfðu minjar í Selskógi verið skráðar í tengslum við fornleifaskráningu á Egilsstöðum og niðurstöður gefnar út árið 1997. Þar sem leifar af gömlum túngarði (SM-24018) voru þá einu minjarnar sem fundust þá í nágrenni skipulagssvæðisins en einnig kemur fram í skýrslunni að víða í skóginum megi finna gamlar kolagrafir⁷.

Fornleifar- og helgunarsvæði minja eru sýndar á skipulagsuppdraetti samkvæmt fornleifaskráningu Sagnabrunns.

Finnist aðrar fornminjar sem áður voru ókunnar skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

⁶ Rannveig Þórhallsdóttir (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Selskógi, Múlaþingi*. Sagnabrunnur

⁷ Guðný Zoega, Guðrún Kristinsdóttir. *Fornleifaskráning Egilsstaða*. Safnastofnun Austurlands 1997.

Skipulagsskilmálar

Áherslur og viðfangsefni

Megin inntak deiliskipulagsins er að tryggja almenningi öruggt aðgengi að náttúrulegu útivistarsvæði sem styður andlega endurheimt og vellíðan. Selskógi er auk þess ætlað að mynda sterka umgjörð til að efla samfélagslegar tengingar í gegnum samveru og útivist. Lagt verður upp með að skipulagið samræmist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna varðandi sjálfærar borgir og samfélög⁸.

Markmið 11.7: „Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.“

Deiliskipulaginu er ætlað að gera grein fyrir framkvæmdum, umfangi, aðgengi, bílastæðum, göngustígum og skilmálum. Lagt verður upp með að allar framkvæmdir valdi sem minnstu raski á landslagi og náttúru, tímabundið sem og til frambúðar.

Efnisval

Samræma skal lita- og efnisval er kemur að öllu yfirbragði svæðisins. Á það meðal annars við um skilti og merkingar, mannvirki, leiktæki og útigögn. Nýta skal, eins og hægt er, náttúrulegan efnivið en að öðrum kosti horfa til umhverfisáhrifa við öflun efniviðar og reyna að nýta hráefni af svæðinu. Leggja skal áherslu á að efnisval samræmist kröfum um algilda hönnun þar sem við á.

Vernd og friðun

Líkt og kemur fram í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 er stefnt að friðun Selskógar sem fólkvangs á þeim forsendum að þar skuli vernda útivistarsvæði.

Selskógur var einnig til umfjöllunar í náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem hluti af 24,7 km² svæði með hátt verndargildi m.t.t. plöntulífs. Þá fellur birkiskógurinn í Selskógi ekki undir vernd 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd⁹. Selskógur hefur nú þegar verið skipulagður sem útivistarsvæði og nokkur uppbygging þar farið fram. Skipulagssvæði deiliskipulagsins er 55 hektarar og því um 2% af því svæði sem lagt er til að verði friðlýst.

Deiliskipulag þetta gerir ráð fyrir að áfram verði stefnt að friðun svæðisins sem fólkvangs auk þess sem áhersla er lögð á að skipulagið rýri ekki gildi þeirrar heildar sem hann myndar m.t.t.

⁸ <https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/>

⁹ Skógræktin (2023). *Efni: deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi*. Umsögn Skógræktarinnar.

plöntuverndar. Sé varanleg eyðing skógar óhjákvæmileg skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd.

Gróður og umhirða

Selskógi hefur verið skipt upp í þrjú gróðursvæði með mismunandi áherslum og eru þau sýnd á skipulagsupprætti: Gróðursvæði A – Vernd, Gróðursvæði B – umhirða birkiskógarins og Gróðursvæði C – umhirða birkiskógarins og viðbætur í opin svæði. Nánari skýringar eru hér fyrir neðan en ekki er leyfilegt að planta í skóginn trjám og plöntum sem teljast til ágengra tegunda eða eru líklegar til að taka yfir núverandi vistkerfi. Hafa ber í huga að friðhelgað svæði fornleifa er 15 metrar frá útmörkum minja, því er óheimilt að gróðursetja innan þess svæðis, sjá uppdrátt.

Gróðursvæði A – Vernd

Meðfram Eyvindará er gert ráð fyrir 50 – 100 m breiðu verndarsvæði þar sem ekki er leyfilegt að planta nýjum plöntum eða tegundum svo tryggja megi náttúrulega framvindu núverandi gróðurs. Með því er verið að taka tillit til stöðu Eyvindarárgils á náttúruminjaskrá auk þess fjölbreytta gróðurvistkerfis sem fyrirfinnst við gilið. Leyfilegt verður að grisja og fjarlægja fallin tré en einungis ef brún þörf er á. Taka verður tillit til þess hlutverks sem dauðir trjábólir spila í vistkerfinu í heild. Vinna skal að því að uppræta ágengar tegundir innan svæðisins.

Gróðursvæði B – Umhirða birkiskógarins

Áhersla lögð á viðhald, umhirðu og heilbrigði skógarins þar sem grisjanir og snyrting er leyfð eftir þörfum. Gæta skal þess að skógurinn sé grisjaður oft en sjaldnar, og ekki of mikið í einu. Grisjun stuðli m.a. að nýliðun skógarins.. Undir þennan flokk fellur meiri hluti skógarins í Selskógi.

Gróðursvæði C – Umhirða birkiskógarins og viðbætur í opin svæði.

Á gróðursvæði C er heimilt að bæta inn í auð og opin svæði öðrum íslenskum trjám og runnum með það að markmiðið að auka fjölbreytni gróðri, ásamt því að auka upplifunar- og útivistargildi skógarins. Heildaryfirbragð gróðursvæðisins verður samt sem áður birkiskógur. Svæðið nær til flestra skilgreinda áningarstaða og að stórum hluta meðfram aðalstíg.

Aðkoma og bílastæði

Tvö bílastæði eru við útivistarsvæðið í Selskógi. Auk aðal bílastæðis við inngang frá Seyðisfjarðarvegi gerir deiliskipulag íbúðabyggðar¹⁰ ráð fyrir tíu almennum stæðum í jaðri útivistarsvæðisins efst í Selbrekku.

Breyta þarf aðkomunni frá Seyðisfjarðarvegi þannig að aðkomuvegur færist suður eftir, þá er gert ráð fyrir að þar verði um 25-30 bílastæði, þar af tvö ætluð hreyfihömluðum. Auk þess eru tvö stæði fyrir hópþifreiðar og afmarkað er svæði fyrir reiðhjól. Þá er gert ráð fyrir möguleika á því að komið verði upp tengibúnaðar vegna hleðslu rafbíla. Leiðbeinandi lega og hönnun aðkomu frá Seyðisfjarðarvegi má sjá á skipulagsuppdrætti. Lögð er áhersla á skýrar tengingar og gott aðgengi gangandi vegfarenda um bílastæðið og inn á útivistarsvæðið. Yfirborðsefni bílastæðis skal ákveða við frekari útfærslu og hönnun. Samsíða bílastæði verður 1-2 m breiður gangstígur sem tengist inn á göngustígakerfi svæðisins. Stígurinn verður lýstur upp með lágum staurum.

Aðrar innkomur á svæðið verða eftir göngu- og hjólastígum sem fyrir eru á svæðinu og munu tengja svæðið við aðliggjandi íbúðahverfi. Ein er um göngustíg frá Árhvammi og fimm úr íbúðahverfi í Selbrekku. Á uppdrætti er gert ráð fyrir einni nýrri aðkomu með tengingu göngustígakerfis þéttbýlisins við stíga í Selskógi. Byggir hún á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og liggur um fyrirhugaða byggð (reitur L3, Blönduð byggð) í Einbúabla (votlendissvæði austan Seyðisfjarðarvegar).

Legu göngustíga, nánari útfærsla gatna og umferðarmannvirkja getur breyst við nánari hönnun og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi sér í lagi ef stuðlað er að bættu aðgengi og umferðaröryggi.

Stígar og slóðar

Stígakerfi í Selskógi er ætlað að taka tillit til breiðs hóps notenda en á sama tíma stuðla að árekstralausri umferð um svæðið á mismunandi árstímum. Vélknúin umferð ökutækja er óheimil á öllum stígum en undantekning er gerð fyrir þjónustutæki og öryggisaðila/neyðarbifreiða auk þess sem heimilt er að veita undanþágu til einstaklinga sem eiga erfitt um gang í tengslum við viðburði. Lausaganga gæludýra eða búfenaðar er ekki leyfð.

Stígakerfið byggir á þremur flokkum; *aðalstíg*, *útivistarstíg* og *skógarlóð*. Leiðbeinandi lega er sýnd á skipulagsuppdrætti en taka skal tillit til aðstæðna við uppsetningu nýrra stíga.

¹⁰ *Selbrekka efra svæði*, breyting samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 2005

Flokkun	Yfirborð	Breidd	Notkun
Aðalstígur	Malbik/klæðning	3-4 m	Tengir saman öll helstu dvalar- og útsýnissvæði. Aðgengi fyrir alla. Lýsing. Aðgengilegur neyðarbifreiðum
Útivistarstígur	Trjákurli	Um 1,5 m	Tenging við íbúahverfi. Náttúruupplifun.
Skógarlóði	Kurli eða mold	< 1m	Liggur í landinu. Umvefjandi.

Aðalstígur – Stígurinn er 3-4 metra breiður og í heildina er gert ráð fyrir 5-6 km af aðalstíg. Heimilt er að hafa 0,5 - 1 m breitt belti meðfram aðalstíg með lágvöxnum gróðri. Stígurinn verður upplýstur og með hörðu yfirborði sem stuðlar að góðu aðgengi allt árið um kring. Við hönnun, lagningu nýrra leiða eða við endurbætur á núverandi stíg skal stuðla að góðu aðgengi fyrir alla (sjá leiðbeiningar Hönnun fyrir alla¹¹), ásamt því að huga skal að því að troðari eða annað sambærilegt tæki geti komist um. Aðalstígur liggur frá inngangi svæðisins við Seyðisfjarðarveg og tengist jafnframt við bílastæði í Selbrekku. Stígurinn tengir saman öll helstu dvalar- og útsýnissvæði í Selskógi en gert er ráð fyrir nýrri hringtengingu í Vémörk. Aðalstígurinn skal vera aðgengilegur neyðarbifreiðum.

Útivistarstígur – Tengir aðalstíg við stígakerfi nærliggjandi íbúahverfa. Hann er mjórri en aðalstígur eða um 1,5 metrar á breidd og yfirborð með trjákurli.

Mynd 9: Dæmi um útlit dvalarsvæða í Vémörk. Myndin sýnir jafnframt nýja tengingu aðalstígs (BLP).

¹¹ Reykjavíkurborg og Vegagerðin (2019). *Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra. Leiðbeiningar.*

Skógarlóði – Slóðar sem hlykkjast milli trjána og fylgja hæðarlínum landsins upp hóla og hæðir. Yfirborð er oftast mold eða leir, á sumum stöðum gæti verið nauðsynlegt að drena eða koma fyrir litlum brúm úr náttúrulegum efnivið án þess að það kalli á umfangsmiklar framkvæmdir.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að í réttu skilyrðunum yfir vetrartímann verði hægt að leggja gönguskíðabraut eftir aðal- og útivistarstígum. Sporið skal liggja samhliða gönguleið en lengd brautarinnar verður að ráðast af aðstæðum hverju sinni. Almenn hafa gangandi vegfarendur forgang á stígum og slóðum í Selskógi en troðin brautarspor fyrir gönguskíði eru þar undanskilin.

Hjólreiðar eru sívaxandi íþróttagrein, ekki síst svokölluð fjallahjól þar sem farið er hratt yfir mismunandi undirlag, upp hóla og hæðir eftir beygjum og sveigjum. Hjólreiðar eru leyfilegar á



öllum stígum og slóðum í skóginum en gangandi vegfarendur hafa þar þó forgang. Þó er heimilt að á skógarlóðum verði skilgreindar sérstakar hjólaleiðir þar sem hjólandi munu hafa forgang umfram gangandi. Leiðirnar þyrfti að merkja vel til að tryggja öryggi allra gesta. Skilgreining hjólaleiðanna og tengdar framkvæmdir skal vinna í samstarfi sveitarfélagsins og hjólreiðafólks, hvort sem um ræðir áhugahópa eða íþróttafélög.

Meðfram aðal- og útivistarstígum er leyfilegt að koma upp hreystitækjum.

Áningarstaðir

Áningarstaður no kk. „Staður á leið eða ferðalagi, þar sem stansað er til hvíldar og næringar.“

Átta áningarstaðir eru skilgreindir í Selskógi samkvæmt deiliskipulagi. Þeir raðast upp við aðalstíginn líkt og perlur á festi. Hver staður hefur ákveðið hlutverk og skýra framtíðarsýn þar sem tilheyrandi uppbygging getur farið fram. Fjallað er um skipulag og skilmála hvers svæðis hér að neðan.

Dvalarsvæði (Á1/Á2) – Lítil dvalarsvæði eru við báða innganga svæðisins. Þar verða upplýsinga- og fræðsluskilti ásamt bekkjum, borðum og sorptunnum. Val á útigögnum skal miðast við aðgengi fyrir alla (meðal annars með tilliti til borðhæðar og aðkomu).

Gamla Eyvindarárbrúin (Á3) – Brúin er þekkt kennileiti og vinsæll viðkomustaður á góðviðrisdögum. Brúin var reist árið 1919 og er hún friðuð samkvæmt lögum um menningarinnar nr. 80/2012. Mikilvægt er að bæta öryggi á staðnum, meðal annars með nýju brúarhandriði og góðu aðgengi niður að ánni. Við brúna er skilti með öryggisupplýsingum auk neyðarbúnaðar s.s. björgunarhrings. Aðkoma sjúkrabíla er möguleg eftir göngustíg frá Seyðisfjarðarvegi alveg að brúnni. Við endurbætur á brú og gerð áningarstaðar skal unnið í samráði við Minjastofnun Íslands, Vegagerðina og viðbragðsaðila. Þá eru uppi hugmyndir um að færa brúnna í nær upprunalegt horf.



Mynd 10: Hugmyndir að afþreyingu í Vémörk. Dæmi um hönnun svæðisins (BLP)

Vémörk (Á4) – Í Vémörk er gert ráð fyrir aðal dvalarsvæði skógarins. Þangað eru góðar tengingar frá báðum bílastæðum eftir aðalstíg sem liggur í hring í skóginum. Svæðið í dag er að mestu grasflöt með nokkrum leiktækjum. Þéttur gróður er umhverfis svæðið allt en rýmismyndun á flötinni lítil. Gert er ráð fyrir að hluti svæðinu verði skipt upp í minni rými með gróðri svo skapa megi skjól fyrir hvössum vindi bæði úr norðurátt og að suðaustan. Þá er gert ráð fyrir að haldið verið eftir hluta af grasflötinni til hlaupa- eða boltaleikja þar sem ekkert hindrar umferð. Stefnt skal að því að notast við sterkbyggða runna frekar en há tré til að koma í veg fyrir mikla skuggamyndun. Gert er ráð fyrir endurbættri salernisaðstöðu, ruslaflokkun, grillskýli og leiksvæðum.

Skíðabrekka (Á5) – Heimilt er að koma upp skíðalyftu fyrir byrjendur sunnan Vémarkar. Heimilt er að fjarlægja trjágróður í tengslum við framkvæmdir að undan fengnu leyfi hjá Skógræktinni og einnig að undangenginni skoðun og skráningu fléttutegunda á svæðinu. Þá skal einnig leita samþykkis hjá Minjastofnun Íslands ef staðsetning skíðabrekku sé í námunda við þekktar minjar.

Útsýnisstaðir (Á6/Á7) – Tveir útsýnisstaðir eru sýndir á skipulagsupprætti. Annar á Egilsstaðaöxl en hinn rétt neðan við Selhæð. Á stöðunum er gert ráð fyrir litlu upplýsingaskilti og einföldum hvíldarþekki.

Leikhús og sölubás (Á8) – Gert er ráð fyrir að sölubásar og leiksvið sem áhugamannafélög byggðu upp í Selskógi verði þar áfram. Svæðin eru aðgengileg eftir aðalstíg frá megin bílastæði og útivistarstíg frá Vémörk.

Afþreying

Til viðbótar við þá átta áningarstaði sem skilgreindir eru í Selskógi er leyfilegt að skilgreina fleiri svæði þar sem hlutverk og notkun er breytileg eftir aðstæðum og tíma hverju sinni. Umsjón slíkra svæða gæti verið á höndum félagasamtaka eða áhugafólks og væri þá úthlutað til ákveðins tíma í einu. Öll uppbygging verður þó að vera í samræmi við skilmála deiliskipulags og vera afturkræf.

Frisbígolf er dæmi um afþreyingu sem fellur í þennan flokk. Íþrótt sem vaxið hefur ásmegin á undanförunum árum, ekki síður á Fljótsdalshéraði en annarsstaðar á landinu. Níu körfur voru settar upp í Selskógi í tengslum við unglingslandsmót UMFÍ sumarið 2019 þar sem frisbígolf var ein keppnisgreina. Lítið rask fylgdi uppsetningu vallarins á þeim tíma og hefur meiri hluti karfanna nú verið fjarlægður. Leyfilegt er að hanna og koma upp heildstæðum frisbígolfvelli í Selskógi svo framarlega sem öðrum skilmálum deiliskipulagsins sé fylgt og hann rýri ekki gildi annarra útivistarmöguleika.

Af öðrum dæmum um slík svæði eða afþreyingu má nefna rathlaup, námskeið, þrautabrautir, listsýningar, sölumarkaði og margt fleira. Allar framkvæmdir þurfa þó að vera afturkræfar.

Byggingar og mannvirki

Byggingar og mannvirki skulu vera staðsett innan viðeigandi byggingarreita sem sýndir eru á uppdrætti. Þau skulu taka mið af byggingarreglugerð nr.112/2012 og eldvörnum svo kröfum um fyllsta öryggi verði fullnægt.

B1/B2 – Byggingarreitir B1 og B2 eru hvor um sig 60 m². Á þeim er gert ráð fyrir salernishúsum á einni hæð auk aðstöðu til sorpflokkunar. Leyfileg stærð húsa miðað við nýtingarhlutfall er á bilinu 12-24 m² og miðast við tvö til þrjú salerni í hvorri byggingu, þar af eitt hannað að þörfum hreyfihamlaðra. Núverandi salernishús á reit B2 er komið til ára sinna og er gert ráð fyrir að það verði fjarlægt svo reisa megi nýtt hús með betra aðgengi.

B3/B4 – Á byggingarreitum B3 og B4 er gert ráð fyrir nýjum göngubrúum yfir Eyvindará sem ætlað er að tengja saman útivistarsvæðin tvö; Selskóg og Miðhúsaskóg. Lengd þeirra gæti verið um 70 m. Leitast verður við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árinna, í samræmi við 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal

liggja fyrir mat á áhrifum af fyrirhuguðum brúarframkvæmdum á Miðhúsaskóg til að mynda umhverfisáhrif og hvort að rask verði á birkitrjám og gróðri. Fella skal göngubrýr vel að svipmóti og einkennum lands.

B5 – Innan byggingarreits B5 er heimilt er að reisa lítið hús fyrir starfsmenn og búnað í tengslum við skíðabrekku í Vémörk. Byggingin skal vera á einni hæð með gólfleti að hámarki 48 m².

Vegna byggingar á lóðum vísast til ákvæða þeirra laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlaga, byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar, reglugerða um brunavarnir og brunamál, íslenska staðla og RB-blaða Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eftir því sem við á.



Mynd 11: Dæmi um útlit göngubrúar yfir Eyvindará (BLP)

Skilti og merkingar

Upplýsinga- og fræðsluskilti verða staðsett víðsvegar innan skipulagssvæðisins og skal leggja áherslu á skýrar leiðbeiningar og fróðlegar upplýsingar sem munu stuðla að jákvæðri upplifun gesta. Við hönnun, uppsetningu og frágang skilta og merkinga skal styðjast við staðla Vegrúnar (merkingarkerfi á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum)¹², sameiginlega

¹² <https://godarleidir.is/vegrun/inngangur>

svæðisbundna staðla auk þess að hafa viðmið algildrar hönnunar í byggingarreglugerð nr. 112/2012 að leiðarljósi.

- Stór upplýsingaskilti verða við bæði bílastæðin með kortum, reglum og fróðleik um svæðið. Mikilvægt er að skilti við innganga séu gestum vel sýnileg og dragi þá að til að fá upplýsingar um svæðið.
- Minni skilti sem sýna heildar stígakerfið og „þú ert hér“ punkt, verða staðsett við gönguleiðir.
- Öryggis- og varúðarskilti verða staðsett þar sem þurfa þykir. Sjá nánari umfjöllun hér á eftir í kafla um öryggi.
- Vegvitar/vegvísar verða staðsettir á öllum stöðum þar sem fleiri en ein gönguleið skarast.
- Skilti með sérstökum reglum eða fróðleik sem á við á hverju og einu dvalarsvæði.
- Leyfilegt verður að koma upp tímabundnum merkingum til að mynda vegna ákveðinna viðburða og sérstakra aðstæðna.

Sorphirða

Gert er ráð fyrir að komið verði upp fjögurra tunnu flokkunarkerfi í samræmi við sorphirðu í Múlapingi. Leggja skal áherslu á gott aðgengi að sorptunnum og upplýsingar um flokkun séu skýrar og einfaldar. Tunnur verða staðsettar á 3 stöðum; á sitthvoru bílastæðinu og við Vémörk. Leyfilegt verður að koma upp fleiri tunnum í tengslum við sérstaka viðburði í skóginum en ávallt með áherslu á sorpflokkun.

Öryggi

Merkingar

Mikilvægt er að gestir í skóginum geti gefið upplýsingar um staðsetningu sína ef slys ber að höndum. Slíkar öryggismerkingar verða settar upp meðal annars við gömlu Eyvindarárbrúnna, við fyrirhugaðar brýr yfir í Miðhúsaskóg og á leiksvæðum í samræmi við reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Aðkoma sjúkrabíla verður sýnd á upplýsingaskiltum við báða innganga svæðisins og upplýsingum um aðgengi komið á framfæri við lögreglu og sjúkraflutningaraðila.

Fallvarnir

Núverandi göngustígur liggur á nokkrum stöðum mjög nálægt snarbröttum veggjum Eyvindarárgils og er þar þónokkur fallhætta, ekki síst með tilliti til ungra barna sem fara um stíginn. Til þess að draga úr hættu á slysum verður þeim hluta stígakerfisins sem telst til aðalstígs, hliðrað um nokkra metra á þeim stöðum sem eru hættulegastir. Slóðar sem liggja nálægt gilbrúninni verður ekki breytt en þeir sérstaklega merktir og varað við fallhættu.

Á stöðum þar sem ekki verður hjá því komist að stígur liggja nálægt Eyvindarárgili, til að mynda við fyrirhugað brúarstæði yfir í Miðhúsaskóg, skal setja upp fallvarnir.

Brunavarnir

Sérstök áhersla var lögð á að greina aðstæður í Selskógi með tillit til brunavarna og setja skilmála sem ætlað er að tryggja öryggi gesta ef til skógarbruna kemur. Selskógur er gamall laufskógur, mest birki með gróskumiklum lággróðri sem samanstendur af grasi (og sinu), blómplöntum og berjalyngi. Töluvert er um fallin og dauð tré. Jarðvegur er djúpur og mýrar á köflum.

Trjágróður er misjafnlega eldfimur, meiri raki er til að mynda í lauftrjám en barrtrjám og brenna því verr¹³. Í gömlum skógi líkt og Selskógi væri því mest hætta á svokölluðum hlaupeldi í lággróðri, sem er algengasta gerð gróðurelds. Bruninn er þá í botngróðrinum, í dauðum gróðri og lágu kjarri. Slíkur eldur getur breiðst út með allt að 600m/klst hraða. Til viðmiðunar er góður gönguhraði 3-5 km/klst¹⁴.

Aðgengi að vatni til slökkvistarfa er úr Eyvindará, Miðhúsaá og vatnshönum í íbúðahverfi næst skipulagssvæðinu. Haft verður samráð við Brunavarnir Austurlands um gerð aðgerðaráætlunar vegna sinu- og skógarelda í Selskógi.

Meðferð elds er með öllu óheimil á útivistarsvæðinu í Selskógi nema á sérmerktu grillsvæði. Fjarlægja skal lággróður í nánasta umhverfi grillsvæðis og við rafmagnstengla, þar sem hætta er á að eldar kvikni. Koma skal fyrir upplýsingum um fyrstu viðbrögð við gróðureldum á grillsvæði og við rafmagnstengla¹⁵.

¹³ <https://www.grodueldar.is/wp-content/uploads/2018/06/Grodueldar-Greinargerd-styrihops-lokautgafa.pdf>

¹⁴ <http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Slokkvilidasvid/Fraedsluefni-fyrir-slokkvilid/20090518%20Gróðureldar.pdf>

¹⁵ Sjá leiðbeiningar á www.grodueldar.is

Minjar

Við allar framkvæmdir skal taka tillit til fornleifa eins og hægt er og forðast að raska þeim. Í einhverjum tilvikum verður óhjákvæmilegt að raska landi innan helgunarsvæði minja og eða minjum s.s. vegna endurbóta á stígakerfi og aðstöðu, ásamt endurnýjunar á aðkomu og bílastæðis Seyðisfjarðarveg. Því nauðsynlegt í þeim tilvikum að óska eftir leyfi Minjastofnunar Íslands.

Ef finnast á framkvæmdatíma áður óþekktar minjar skal stöðva framkvæmd án tafar og hafa sambandi við Minjastofnun Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Veitur

Vatn

Vatn vegna núverandi salernisaðstöðu í Vémörk er fengið með vatnslögn frá Selbrekkuhverfi og gerir skipulag ráð fyrir að svo verði áfram. Leggja þarf nýja vatnslögn að salernisaðstöðu við aðal inngang svæðisins við Seyðisfjarðarveg. Leiðbeinandi lega vatnslagna er sýnd á uppdraetti.

Lögð er áhersla á að vatnsöflun og framkvæmdir henni tengdri verði unnin í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Rafmagn

Lýsing meðfram aðalstíg kallar á lagningu rafmagns meðfram honum. Nú þegar hefur verið lagt rafmagn meðfram hluta stígsins; frá bílastæði við Eyvindará og meðfram gönguleið í kring um Vémörk. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti farið fram samhliða vinnu við breikkun stígsins.

Fráveita

Rotþró er til staðar við núverandi salernisbyggingu í Vémörk og gert er ráð fyrir að hún verði nýtt áfram. Fráveita vegna nýrrar salernisbyggingar við Seyðisfjarðarveg verður leidd í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Haga skal framkvæmdum við fráveitu í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp auk samþykktar um fráveitur í Múlapingi.

Umhverfismatsskýrsla

Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins metin. Helstu áhrif deiliskipulagsins eru á umhverfispættina; landslag og ásýnd, gróðurfar og vistkerfi, samfélag og minjar.

Landslag og ásýnd

Áhrif á landslag og ásýnd eru metin jákvæð. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að Selskógi verið skipt upp í þrjú gróðursvæði með mismunandi áherslum. Áherslunnar eru til þess fallnar að auka bjóða upp á fjölbreyttari ásýnd og stuðla að snyrtilegri ásýnd svæðisins. Hvort sem það sé að varðveita náttúrulega birkiskóginn næst bökkum Eyvindarárs, stuðla að umhirðu birkiskógarins til að styðja við heilbrigði skógarins og tryggja endurnýjun birkis á svæðinu eða að auka fjölbreytni gróðurs með gróðursetningu annarra íslenskra tegunda inn í auð og opin svæði.

Gróðurfar og vistkerfi

Áhrif á gróðurfar og vistkerfi eru metin jákvæð og óveruleg. Lagt er til áframhaldandi verndunar á birkiskóginum næst bökkum Eyvindarár þar sem aðeins verður heimilt að grisja eða fjarlægja fallin tré þar sem brýn nauðsyn krefur og mun það stuðla að vexti örvera og sveppagróðurs. Innan stæðasta hluta skógarins er skynsöm grisjun og snyrting leyfð til þess að stuðla að heilbrigði skógarins og endurnýjun. Þá er að hluta til er heimilt að bæta inn í skóginn öðrum íslenskum trjám og runnum með það að markmiði að auka upplifunar og útivistargildi skógarins. Þá er gert ráð fyrir að stök tré og/eða litlir skógarlundir geti vikið fyrir nýjum eða endurbættum göngu- og hjólaleiðum auk nýrri afþreyingu s.s. frísbílgolfbrautum og skíðabrekku. Fara skal í mótvægisáðgerðir vegna varanlegrar skógareyðingar, sem felast í því að sambærilega miklum skógi skal komið upp annars staðar.

Samfélag

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Með bættu stígakerfi og aðstöðu, ásamt fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum í skóginum er verið að fjölga notendahópum sem hafa kost á því að nýja sér skóginn sér til útiveru, afþreyingar og heilsubótar. Þá mun bætt stígakerfi og aðstaða einnig auka möguleikana notkun skógarins allt árið um kring. Bætt stígakerfi getur einnig auðveldað viðbragðsaðilum að komast leiðar sinnar.

Minjar

Áhrif á minjar eru metin óveruleg og neikvæð. Eftir að minjaskráning fór fram er nú staðsetning minjanna orðin skráð og hægt að taka tillit til þeirra við framkvæmdir í skóginum. Í einhverjum tilvikum þarf að raska landi innan helgunarsvæða minja og mögulega þarf í einhverjum tilvikum að raska minjum. Uppmæling kolagrafa telst til nægjanlegrar mótvægisáðgerða þar sem bæta á aðgengi almennings um Selskóg samkvæmt skipulagi þessu.

Skipulagsferli

Kynning og samráð

Ekki var tekin saman lýsing á skipulagsverkefninu enda liggja allar meginforsendur þess fyrir í gildandi aðalskipulagi og er sú ákvörðun Fljótshéraðs í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Haldinn var opinn íbúafundur um framtíðarsýn Selskógar í desember 2018 áður en skipulagsvinna hófst. Gafst þátttakendum kostur á að koma með hugmyndir og athugasemdir í upphafi verkefnisins. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum þar sem einnig var gefinn sá valmöguleiki að senda inn athugasemdir beint til skipulagsráðgjafa eða starfsmanna bæjarins. Niðurstöður fundarins voru nýttar við deiliskipulagsvinnu.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs samþykkti á fundi sínum 19. ágúst 2020 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Selskóg, skv. ákv. gr. 4.6.1 í skipulagsreglugerð. Skipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4.mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opinn kynningarfundur um tillöguna fór fram í gegnum Facebook síðu Fljótshéraðs þann 1. september 2020. Hægt var að senda inn rafrænar fyrirspurnir á meðan fundinum stóð en skipulagsgögn voru einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins og athugasemdafrestur gefinn til 10. september. Alls bárust 9 athugasemdir og umsagnir sem teknar voru til skoðunar.

Skipulagstillaga var síðan auglýst og var athugasemdafrestur til og með 30. mars 2023. Við tillöguna komu 13 umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Gönguskíðadeild SKÍS, Vegagerðin, Rarik, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Skógræktin, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Stefán Bogi Sveinsson, Fiskistofa, Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks, Ungmennaráð Múlapings og Öldungaráð Múlapings.

Breytingar eftir auglýsingu

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á greinargerð (sjá töflu 1).

Tafla 1: Yfirlit yfir breytingar á greinargerð.

Kafli	Breytingar
Vernd og friðun	Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni fellur birkiskógurinn í Selskógi ekki undir 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Texti var uppfærður.
Gróðursvæði B – Umhirða birkiskógarins	Texti varðandi grisjanir var uppfærður samkvæmt umsögn Skógræktarinnar. Þar sem áhersla sé lögð á að skógurinn sé grisjaður oftast en sjaldnar og ekki of mikið í einu. Þannig að grisjun stuðli m.a. nýliðun skógarins.
Aðkoma og bílastæði	Bætt var inn texta þess efnis að við nánari útfærslu geti hönnun breyst og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi sér í lagi ef stuðlað er að bættu aðgengi eða umferðaröryggi.
Stígar og slóðar	Texta um aðalstíga var breytt. Breidd aðalstíga er nú 3-4 m en var áður 2,5-3 m. Þá var bætt við heimild fyrir 0,5-1 m breiðu belti meðfram aðalstíg. Einnig var bætt inn texta varðandi hönnun, lagningu og endurbætur á stígakerfinu til þess að stuðla að góðu aðgengi og að huga skal fyrir því að troðari eða annað sambærilegt tæki geti komist um stígana.
Gamla Eyvindarárbrúin (Á3)	Texti var uppfærður miðað við umsagnir, meðal annars var orðalag lagfært þar sem sveitarfélagið hvetur ekki til ógætilegrar hegðunar. Bætt var inn upplýsingum brúnna. Einnig var bætt inn texta þess efnis að endurbætur á brú og gerð áningarstaðar skuli unnið í samráði við Minjastofnun Íslands, Vegagerðina og viðbragðsaðila. Þá eru uppi hugmyndir um að færa brúnna í nær upprunalegt horf.
Skíðabrekka (Á5)	Bætt var inn texta þess efnis að áður en framkvæmdir geti hafist þarf að skoða og skrá fléttutegundir á svæðinu.
Byggingar og mannvirki _B3/B4	Bætt var inn texta þess efnis að fella skuli göngubrýr vel að svipmóti og einkennum lands.
Sorphirða	Texti var uppfærður miðað við nýtt flokkunarkerfi í Múlapingi sem gert er ráð fyrir fjögurra tunnu flokkunarkerfi.
Öryggi	Texti uppfærður þar sem sveitarfélagið hvetur ekki til ógætilegrar hegðunar.
Umhverfismatsskýrsla - Gróður og vistkerfi	Bætt var inn texta um mótvægisáðgerðir vegna varanlegrar skógareyðingu.
Umhverfismatsskýrsla -Minjar	Bætt var inn texta um mótvægisáðgerðir vegna röskunar á kolagröfum til þess að bæta aðgengi almennings.

Breytingar á uppdrætti

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á uppdrætti.

- Skilgreiningum á stígum og slóðum var breytt. Aðalstígur var lengdur þannig að nú er hann skilgreindur allan stóra hringinn í skóginum en áður var syðri hluti hans skilgreindur sem útivistarstígur. Þá var skilgreiningu á skógarlóðum í og við Heimamýri/Hringmýri breytt í útivistarstíg.
- Á stöku stað var lega aðalstígs var breytt til þess að auka beygjuradíus, þannig að dregið var úr kröppum beygjum.